

## Félag aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni. FaMos.

Aðalfundur FaMos haldinn í Harðarbóli mánudaginn 6. mars 2023 kl: 20:00

### 1 Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður stjórnar FaMos, Jónas Sigurðsson, bauð fundarmenn velkomna. Hann setti fundinn og tilnefndi Magnús Sigsteinsson sem fundarstjóra og Guðrún K. Hafsteinsdóttur fundarritara. Fundarstjóri sté þá í pontu, þakkaði fundarmönnum traustið og lýsti fundinn lögmætan.

### 2 Skýrslur stjórna og nefnda:

#### 2.1 Skýrsla stjórnar FaMos starfsárið 2022-2023.

Formaður flutti eftirfarandi skýrslu: Síðasti aðalfundur FaMos var haldinn mánudaginn 28.febrúar 2022 í Harðarbóli þar sem framkvæmdum var ekki lokið við Hlégarð. Á aðalfundinum var Jónas Sigurðsson kjörinn formaður og aðrir í aðalstjórn voru kjörin Jóhanna B. Magnúsdóttir og Þorsteinn Birgisson öll til tveggja ára. Guðrún Hafsteinsdóttir og Áshildur Þorsteinsdóttir voru kjörnar varamenn í stjórn til eins árs. Áfram sátu í stjórninni sem aðalmenn, kosnir til tveggja ára á síðasta aðalfundi þar á undan, Margrét J. Ólafsdóttir og Kristbjörg Steingrímsdóttir. Ólafur Gunnarsson og Sara Elíasdóttir voru kjörin skoðunarmenn ársreikninga. Jónas Sigurðsson, Jóhanna B. Magnúsdóttir og Þorsteinn Birgisson voru kosin fulltrúar FaMos á landsfund LEB, Landssambands eldri borgara. Á fyrsta fundi sínum skipti stjórnin með sér verkum þannig að auk Jónasar sem formanns var Jóhanna valin varaformaður, Margrét gjaldkeri, Kristbjörg ritari og Þorsteinn meðstjórnandi. Eftir fráfall Margrétar tók Þorsteinn við stöðu gjaldkera og Guðrún við stöðu meðstjórnanda.

Margrét J. Ólafsdóttir gjaldkeri félagsins andaðist síðla sumars eftir tiltölulega stutt veikindi. Margrét hafði um langan tíma unnið mikið og óeigingjarnt starf fyrir félagið og eldri borgara í Mosfellsbæ. Það var mikill missir af henni fyrir samstarfsfólk, vini og sjálfsgöðu ættingja og er minningin um hana kær fyrir þá sem hana þekktu.

Stjórnin hefur frá síðasta aðalfundi haldið 11 formlega fundi.

Auk venjubundinna málefna um rekstur félagsins hefur stjórnin rætt um margvíslega þætti sem snúa að þjónustu við eldri borgara í Mosfellsbæ, framkvæmd hennar og gæði. Í því sambandi hefur FaMos, í gegnum fulltrúa sína í Öldungaráði Mosfellsbæjar, gert tillögu um að ítarleg og víðtæk þjónustukönnun verði gerð á meðal eldri borgara í Mosfellsbæ hvað varðar þjónustu sveitarfélagsins fyrir þann aldurshóp.

Jafnframt samþykkti stjórnin á fundi sínum í janúar að leita leiða með markvissum hætti til að ná sambandi við eldri borgara sem ekki er í félaginu sem og eldra fólk sem er félagslega einangrað og virkja það til félagslegrar þáttöku. Þar hafið þið félagar góðir hlutverki að gegna. Jafnframt þessu að kynna félagsmönnum starf heimahjúkrunar og sjúkráþjálfun í heimahúsum og réttindi eldra fólks í þeim efnum.

Fyrir sveitarstjórnarkosningarnar síðast liðið vor stóð FaMos fyrir opnum fundi eldri borgara með fulltrúum framboðanna til bæjarstjórnar Mosfellsbæjar um málefni sem að eldri borgurum snúa. Fundurinn var nokkuð vel sóttur og umræður líflugar.

Í september tók FaMos þátt í opnum fundi sem Mosfellsbær stóð fyrir. Fundurinn var kynning á því hvað er í boði fyrir eldri borgara í Mosfellsbæ. Margir aðilar kynntu þar starf sitt þar á meðal FaMos og nefndir félagsins. Fundurinn var vel sóttur og upplýsandi um efnið. Upphaflega hugmyndin að svona fundi sem kom fram í Öldungaráði bæjarins var á þá leið að á honum yrði fjallað um þjónustu við eldri borgara í Mosfellsbæ og réttindi þeirra hvað hana varðar. Slíkur fundur kemur vonandi síðar og þá vonandi innan skamms tíma.

Aðilar frá Kjósahreppi höfðu samband við FaMos og óskuðu eftir kynningu á félaginu og viðræðum um hvort eldri borgarar í Kjós gætu gerst meðlimir í FaMos.

Nafn FaMos er Félag aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni svo ekki þótti stjórn FaMos ástæða til annars en að svar þessari spurning játandi. Varaformaður fór til fundar við Kjósverja, ásamt forstöðumanni félagsstarfsins í Mosfellsbæ, kynnti starfsemi FaMos og svaraði spurningunni játandi.

Sú umræða kom upp í stjórn FaMos, m.a. vegna spurninga frá nefndum, hvort takmarka ætti þá starfsemi sem FaMos stæði fyrir við félagsmenn. Ekki þótti ástæða til þess.

Nefndir félagsins:

Hefðbundnar nefndir hafa verið starfandi innan félagsins. Þær eru:

Menningar- og skemmtinefnd.

Kaffinefnd

Íþróttanefnd

Ferðanefnd

Síðan eru Vorboðar, kór eldri borgara í Mosfellsbæ sem er sjálfstætt félag en starfar í nánnum tengslum við FaMos.

Fulltrúar frá nefndunum flytja hér á eftir skýrslur um starf þeirra. Þær skýrslur eru hluti ársskýrslu FaMos. Starf nefndanna hefur hjá flestum þeirra komist vel af stað eftir Covid.

FaMos og Mosfellsbær undirrituðu í byrjun árs samkomulag þess efnis að verkefnið Heilsa og Hugur verði í umsjá FaMos. Íþróttanefnd FaMos sér um framkvæmd þess en verkefnið nýtur styrks frá bænum.

Hlégarður komst aftur í gagnið seint s.l.vor. Því gat Menningar- og skemmtinefndin farið aftur af stað með sitt mánaðarlega opna hús. En um áramótin síðustu lokaði Hlégarður aftur. Ástæðan var sú að verktakinn að rekstri hússins hætti. Borð og stólar voru á hans vegum og fjarlægði hann allt það úr húsinu.

Fyrir nokkru veitti bærinn nokkurt fé til að kaupa á búnaði í húsið til þess að hægt væri að nota húsið að einhverju leiti. Það kemur í ljós á opnu húsi sem Menningar og skemmtinefndin stendur fyrir þann 13.mars n.k.hvernig til tekst með það.

Samkvæmt lögum FaMos er það stjórn félagsins sem skipar starfsmenn þess. Nokkrar mannabreytingar hafa átt sér stað í nefndum á síðustu vikum og þá einkum hjá ferðanefnd.

Á heimsasíðu FaMos "famos.is" má sjá þær nefndir sem eru starfandi og nöfn þeirra sem skipa þær.

Á s.l.hausti fékk FaMos styrk úr Samfélagssjóði Kaupfélags Kjalarnesþings að upphæð 1,5 milljónir króna.

Styrkurinn er veittur til endurnýjunar á fótaaðgerðarstól sem er í eigu Famos og er staðsettur í

þjónustumiðstöðinni að Hlaðhömrum og endurnýjunar á áhöldum og tækjum fyrir FaMos. Eva Eðvaldsdóttir

Fótaaðgerðafræðingur hafði frumkvæði að umsókninni þar sem gamli stóllinn var orðin mjög lélegur.

Mikið og gott samstarf er á milli "Félagsstarf eldri borgara" sem rekið er af Mosfellsbæ og FaMos. Slíkt

samstarf gerir það að verkum að fjölbreytni þess starfs sem eldri borgurum bíðst er meiri en ella.

Samkvæmt lögum á FaMos þrjá fulltrúa í Öldungaráði Mosfellsbæjar. Eftir hverjar sveitastjórnarkosningar eru nýir fulltrúar skipaðir í ráðið og tók nýtt ráð til starfa nú í haust.

Fundargerðir ráðsins og tillögur fara til bæjastjórnar til afgreiðslu.

Samkvæmt samþykktum fyrir Öldungaráð Mosfellsbæjar, sem hefur stoð í lögum um málefni aldraðra, er það hlutverk Öldungaráðs að vera formlegur og milliliðalaus vettvangur samráðs og samstarfs við bæjaryfirvöld um hagsmuni eldri borgara í sveitafélaginu.

Það verður að segjast eins og er að nokkuð vantar upp á að bæjaryfirvöld virði þennan samráðsvettvang sem skyldi.

FaMos á einn fulltrúa á fulltrúaráðsfundi Eirar. Fulltrúaráðið heldur fundi að vori og hausti og sóttu varaformaður FaMos og gjaldkeri sinn hvorn fundinn á síðasta ári.

Það verður að segjast eins og er að erfitt hefur verið að fá upplýsingar um þá starfsemi sem Eir rekur fyrir Mosfellsbæ. Þar á meðal um mat á núverandi þjónustu, rekstur þjónustuíbúða sem og framtíðaráætlanir í þjónustu við eldri borgara. Þjónusta sú sem Eir rekur í Mosfellsbæ er þjónusta sem sveitarfélög bera ábyrgð á skv. lögum en Mosfellsbær hefur útvistað til Eirar. Meira gagnsæi mætti vera í þeim samskiptum.

FaMos er aðili að LEB Landssambandi eldri borgara en sambandið beitir sér einkum að málefnum sem snúa að ríkisvaldinu. Formaður hefur verið varamaður í stjórn LEB þetta starfsár. Ég vil benda ykkur á heimasíðu LEB. leb.is. en þar má finna ýmsan fróðleik um starfsemi samtakanna svo sem kjaramál, húsnæðismál og fleira. Um síðustu áramót voru um 1.350 einstaklingar 67 ára og eldri í Mosfellsbæ. Skráðir félagar í FaMos á sama tíma voru 746 þar af 71 sem 85 ára eða eldri en þeir borga ekki félagsgjöld.

Félagar geta þeir orðið sem eru 60 og eldri en fjöldi þeirra í Mosfellsbæ sem eru 60 til 67 ára er ríflega 900 manns.

Það má því segja að þetta félag okkar gæti verið mikið öflugra og sinnt til muna fjölbreyttari verkefnum en nú er. Við ættum því öll að vinna að því að fjölga félagsmönnum í félaginu.

Í þessu sambandi er rétt að minna á hlutverk félagsins samkvæmt lögum þess:

- Hlutverk félagsins er að gæta hagsmuna aldraðra, meðal annars með því að:
- Efla þátttöku aldraðra í íþróttum, félags- og tómstundastarfi.
- Stuðla að félagslegu og efnahagslegu öryggi aldraðra.
- Vinna að úrbótum í húsnæðismálum aldraðra.
- Vinna að uppbyggingu í félagsheimilis- og vinnuaðstöðu fyrir starfsemi félagsins.

Hér á eftir gera formenn nefnda grein fyrir starfi í nefndunum eftir því sem þurfa þykir.

Þakka ykkur fyrir.

Jónas Sigurðsson Formaður FaMos.

**Sjá fskj. 1.**

## **2.2 Menningar og skemmtinefnd FaMos**

Menningar- og Skemmtinefnd FaMos

Starfsemi milli aðalfunda frá 28-2-2022 til 6-3-2023

Nefndina skipa:

Bjarney Einarasdóttir, Elías Árnason, Helgi R. Einarsson, Hjördís Sigurðardóttir og Benedikt Steingrímsson, formaður.

Starfsemin hófst strax á aðalfundinum, en nefndin leggur til skemmtiatriði á aðalfundum félagsins. Það voru hæg heimatökin því Helgi mætti á fundinn með gítarinn og limrubókina og skemmti aðalfundargestum. Meginstarfsemi ársins tengist annars Opnu húsi, sem hefð er á að halda í Hlégarði einu sinni í mánuði frá október til og með apríl, gjarnan annan mánudag í hverjum mánuði, ef stórhátíðir lenda ekki á þeim dögum. Covid og framkvæmdir í Hlégarði undanfarin ár hafa þó ruglað dagskrána. Opna húsinu í mars 2022 var þó aflýst vegna covid og framkvæmda í Hlégarði, en hægt var að ljúka vetrinum með Opnu húsi 25. apríl. Þá mætti Stórsveit Íslands með einsöngvurum og skemmti okkur í tvo tíma. Um 125 manns mættu þannig að með

hljómsveitinni voru um 150 manns í húsinu. Átti kaffinefndin hrós skilið að eiga nægar birgðir á kaffihlaðborðinu að skemmtun lokinni fyrir allan þennan fjölda. Þetta var fyrsta skemmtunin í Hlégarði eftir miklar framkvæmdir. Ýmislegt var þó ekki komið í stand. Mikið ryk var í húsinu og hljóðkerfið óvirkt. Nýttum við í staðinn hljóðnema sem Stórsveitin kom með. Í haust héldum við þrisvar sinnum Opíð hús í Hlégarði eins hefð er, enda engar covid-takmarkanir.

10. október skemmtu okkur Davíð Ólafsson, Stefán Íslandi og Helgi Már.

14. nóvember mætti Stormsveitin og á aðventunni og 12. desember voru Vorboðarnir okkar mættir, alls um 40 manns, og sungu fyrir okkur, en Arndís Linn flutti jólahugvekju. Mjög góð þátttaka var á þessum skemmtunum 110-130 manns.

Opna húsið í janúar frestaðist vegna þess að starfsemin í Hlégarði lá niðri og var að lokum haldið í Harðarbóli 20. febrúar. Þar sem söngkonan Heiða Árnadóttir og píanóleikarinn Gunnar Gunnarsson og fluttu kvikmyndalög eftir franska tónskáldið Michael Legrand með íslenskum textum. Mæting var treg aðeins tæplega 70 manns. Má vera að þar skipti máli að Opna húsið var í Harðarbóli en ekki Hlégarði. Starfsemin í Hlégarði er að komast í lag og verða tvö síðustu Opnu húsin í vetur, 13. mars, með Jógvan og 17. apríl með Stórsveit Íslands haldin í Hlégarði.

Undanfarin mörg ár hefur Bjarki Bjarnason verið með ýmis námskeið úr Íslendingasögunum og sögu Mosfellsbæjar og námskeiðið 2020 var um Mosfellsheiðina. Til stóð að vera með námskeið í byrjun árs 2022 um bókmenntir í Borgarfirði. Covid kom í veg fyrir það, en í staðinn fór Bjarki með okkur í dagsrútuferð í Borgarfjörðinn 12. júní 2022. Þátttakendur í ferðinni voru 45 manns. Ferðanefnd FaMos sá um ferðina og mun nefna hana í sinni skýrslu. Ekkert varð úr námskeiði hjá Bjarka þetta árið og lýkur þar með þessari skýrslu, en þess má geta að við erum til í að halda áfram næsta árið. Hugmyndir um skemmtikrafta og skemmtiefni á Opnu húsi næsta vetur eru vel þegnar. Badda, Dís, Elli, Helgi og Benni.

### 2.3 Íþróttanefnd

Ólöf Örnólfsdóttir formaður flutti eftirfarandi skýrslu:

Aðalfundur FaMos í Harðarbóli mánud.6. mars 2023

Skýrsla íþróttanefndar fyrir 2022 - 2023

Í stjórn íþróttanefndar FaMos eru Ólöf Örnólfsdóttir formaður og meðstjórnendur eru Sigrún Kröyer, Hafdís Pétursdóttir og Auður Dóra Haraldsdóttir. Á síðasta ári gekk Ursula Jungeman úr nefndinni og inn kom Auður Dóra Haraldsdóttir. Vorið endaði með ágætum og án Covid lokana og enduðu allir tímar hjá okkur 9. - 12. maí 2022. Fyrsti stjórnarfundur okkar var svo 12. ágúst 2022 og urðu þeir 8 á tímabilinu. Strax var farið í að skipuleggja veturinn. Undir íþróttanefnd eru:

Vatnsleikfimi, Dansleikfimi, Boccia, Ringó, Púttæfingar, göngur og Heilsa og hugur. Við sátum fund með stjórn FaMos 17. ágúst um samráðsfund sem halda átti í Hlégarði 6. september um félagsstarf fyrir 67 plús og einnig var rætt um að við í íþróttanefndinni tækjum að okkur umsjón með leikfiminni Heilsa og Hugur sem Mosfellsbær hefur haft í umsjón. Í framhaldi af því sátum við fund með Sigurbjörgu Fjólnisdóttur framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar og Elvu Björgu Pálsdóttur forstöðumanns félagsstarfs aldraðra í Mosfellsbæ um að íþróttanefnd FaMos tæki að sér umsjón með verkefninu Heilsa og Hugur.

Stjórn FaMos og íþróttanefndin samþykktu að taka að sér þetta verkefni en með skilyrðum þó. Í samningnum milli FaMos og Mosfellsbæjar er að námskeiðin hafi aðgang að þeirri aðstöðu sem það hefur haft hjá Mosfellsbæ og afnot af tækjum og tólum sem notuð hafa verið í starfinu. Að hægt verði að leita til forstöðumanns félagsstarfs aldraðra (Elvu Bjargar) ef brýna nauðsyn ber til. Einnig að Mosfellsbær leggi til fjármuni til niðurgreiðslu á þátttökugjöldum. Þetta var allt samþykkt og skrifuðum við undir samning þann 14. desember 2022. Leikfimin byrjaði í okkar umsjón 9. janúar með okkar frábæru kennurum og voru 84 skráðir og

allt hefur gengið prýðilega. Reyndar þurftum við að hækka þátttökugjöldin úr 12.000 í 15.000. Allt hefur þetta gengið vel í vetur nema dansleikfimin, hún var felld niður vegna ónógrar þátttöku. Misjöfn þátttaka hefur verið í göngunum á miðvikudögum, sem eru hressandi og gefandi. Þessar göngur eru allt árið á miðvikudögum kl.13.00. Ringó mót héldum við í íþróttahúsinu að Lágafelli 6. nóvember 2022 með félögum frá Borgarnesi, Hvolsvelli og Glóðinni í Kópavogi sem gekk mjög vel með góðri aðstoð starfsfólks Lágafellslaugar sem var okkur mjög hjálplegt og gerði þetta mjög ánægjulegt. Keypt voru ný tæki fyrir vatnsleikfimina og fengum við styrk frá FaMos til kaupanna. Fyrirhugað er 4 vikna jóganámskeið á næstunni og sendum við út auglýsingu síðar. Síðasti stjórnarfundur var 12. febrúar síðastliðinn og farið yfir uppgjör á “Heilsa og Hugur” og virtist það allt ætla að ganga upp. Höldum áfram með heilsuefandi Mosfellsbæ. Ólöf Örnólfsdóttir formaður íþróttanefndar FaMos.

#### **2.4 Skýrsla ferðanefndar á aðalfundi FaMos 6. mars 2023**

Snjólaug Sigurðardóttir flutti skýrslu ferðanefndar

Ferðanefnd var skipuð þremur fulltrúum. Formaður nefndarinnar, Margrét Jakobína Ólafsdóttir, lést í lok ágúst á síðasta ári. Hún var síðastliðin mörg ár drifkraftur nefndarinnar og við eigum henni mikið að þakka, blessuð sé minning hennar. Einnig voru Jóhanna B. Magnúsdóttir og Snjólaug Sigurðardóttir í nefndinni. Hvorug þeirra gáfu kost á sér aftur. Ný ferðanefnd er þannig skipuð: Bragi Ragnarsson formaður, Bryndís Jóhannsdóttir, Klara Sigurðardóttir, Þröstur Lýðsson, Ásbjörn Þorvarðarson og Guðlaug Helga Hálfðánardóttir. Þau eru nú þegar farin að huga að ferðum ársins. Undanfarin ár hefur verið farið í tvær ferðir innanlands og oftast einnig í utanlandsferð á vegum FaMos. Ferðirnar eru oft skipulagðar með félagsstarfinu, öðrum nefndum félagsins og fleirum. Þær eru mjög vinsælar og eftirsóttar.

- Í júní á síðasta ári var farið í Borgarfjörðinn (ferðin var undirbúin í samstarfi við menningar- og skemmtinefnd) þar gáfu bókmenntir og skáld héraðsins tóninn. Fararstjóri var Bjarki Bjarnason.
- Í ágúst var svo loks farið í sumarferðina sem til stóð í tvígang á „covid“ tímum. Sú ferð var undirbúin í samstarfi við félagsstarfið. Ekið var um Mosfellsdal, Mosfellsheiði og staldrað við í Þjónustumiðstöðinni á Þingvöllum. Þaðan að Laugarvatni, Flúðum og í hellana á Rangárvöllum.
- Um mánaðamótin sept.-okt. var síðan farið í ferð til Tenerife.

F.h. ferðanefndar, Jóhanna B. Magnúsdóttir og Snjólaug Sigurðardóttir

**Til máls tók** Bragi Ragnarsson sem er nýr formaður ferðanefndar og upplýsti að nefndin hefði hitt Lilju Hilmarsdóttur og Björn Eysteinnsson hjá Betri ferðum til að skipuleggja ferð erlendis, verðið væri hagstætt. Einnig er ferðanefndin að undirbúa vorferð í byrjun júní og búið er að ráða fararstjóra. Ferðirnar verða kynntar nánar í lok marsmánaðar í Safnaðarheimilinu og kemur tilkynning í Mosfellingi.

#### **2.5 Skýrsla stjórnar Vorboða, kórs eldri borgara í Mosfellsbæ**

Jóhanna B. Magnúsdóttir formaður flutti eftirfarandi skýrslu:

Skýrsla stjórnar Vorboða, kórs eldri borgara í Mosfellsbæ á aðalfundi FaMos 6. mars 2023: Vorboðar er blandaður kór eldri borgara. Kórinn var stofnaður 16. desember 1989. Kórfélagar eru nú rúmlega 60 manns. Söngæfingar kórsins fara fram einu sinni í viku í safnaðarheimili Lágafellssóknar við Þverholt. Stjórnandi kórsins er Hrönn Helgadóttir. Kórinn starfar sjálfstætt með styrk frá Mosfellsbæ og eftir að Félag aldraðra í Mosfellsbæ var stofnað hefur kórinn starfað með góðum stuðningi félagsins. Eftirfarandi yfirferð á starfi Vorboðanna er frá síðasta aðalfundi FaMos í 28. febrúar 2022. Í upphafi ársins 2022 var starf kórsins heldur slitrótt bæði vegna veðurs og covid, en síðan fór allt í gang. Gaflarakórinn í Hafnarfirði bauð Vorboðum að vera með á tónleikum í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði í maí sem tekið var með gleði og þökkum. Kórinn söng svo í Guðríðarkirkju á uppstigningardag eins og oft áður. Kóramót sem í eðlilegu árferði er haldið í maímánuði féll niður. Sumarhátíð var í garðinum á Dalsá 20. júní og farið í frábæra haustferð 5. september aftur um Reykjanesið en á aðrar slóðir

en í fyrra. Aðalfundur Vorboða var haldinn 12. september 2022. Elísabet Kristjánsdóttir og Guðný Þorgeirsdóttir gengu úr stjórn. Jóhanna B. Magnúsdóttir var endurkjörin sem formaður. Auk hennar eru í stjórninni: Oddur Garðarsson, Þrúður Helgadóttir, Kristbjörg Steingrímsdóttir, Andrés Arnalds, Kristín Sæunnar Sigurðardóttir og Hildigunnur Davíðsdóttir. Í desember söng kórinn við opnun Jólaskógar Skógræktarfélagsins í Hamrahlíð, á opnu húsi FaMos í Hlégarði og á Dvalarheimilinu Eir í Grafarvogi. Nú eru söngæfingar haldnar á hverjum mánudegi ef veður og vindar leyfa og með því hafinn undirbúningur að ýmsu skemmtilegu á vormánuðunum.

Fh. stjórnar Vorboðakórs eldri borgara í Jóhanna B. Magnúsdóttir

## 2.6 Skýrsla kaffinefndar

Guðrún K. Hafsteinsdóttir formaður kaffinefndar flutti eftirfarandi skýrslu:

### Skýrsla kaffinefndar FaMos árið 2022

Núverandi kaffinefnd hjá FaMos tók til starfa 10.10. 2022.

Í kaffinefnd eru eftirfarandi konur:

Anna Ágústsdóttir, Anna Jóna Pálmadóttir, Helga Stefánsdóttir, Guðrún K. Hafsteinsdóttir, Margrét Hanna Karlsdóttir, Sína Þorleif Þórðardóttir. Varamaður er Bryndís Kristensen.

Undirrituð hefur haldið utan um hópinn.

Þannig var, að áður höfðu konur í kaffinefnd verið að útbúa veitingarnar sjálfar, bakað, útbúið brauðtertur o. fl. Það reyndist erfitt að fá fólk í kaffinefndina og sú ákvörðun var tekin af stjórn félagsins að heimilt væri að kaupa tilbúna veitingar og hefur það verið gert.

Kaffinefndin hefur séð um veitingar á Menningarkvöldum í Hlégarði og gestir skráð nafn sitt í gestabók.

Samkvæmt gestabókinni þá voru 4 menningarkvöld árið 2022.

25. apríl 2022 var menningarkvöld í Hlégarði, 124 mættu.

10. okt. 2022 mættu 109 manns.

14. nóv. 2022 mættu 124

12. des. 2022 var Menningarkvöld og jólaþema í Hlégarði og mættu 97 manns, sem skrifuðu nafnið sitt í gestabókina, en nefndin telur að það hafi mætt um 110 manns.

Þegar það var afgangur af veitingum fórum við með þá á Hjúkrunarheimilið Hamra.

Guðrún K. Hafsteinsdóttir, formaður kaffinefndar.

Flutningi skýrslna var lokið og fundarstjóri bauð upp á umræður, en enginn bað um orðið.

## 3 Reikningar félagsins lagðir fram til umræðu og atkvæðagreiðslu

Þorsteinn Birgisson tók við gjaldkerastöðu félagsins sl. haust og útskýrði reikninga félagsins. Að hans mati er nóg að hafa tvö ár á síðunni. Vaxtatekjur eru meiri en áður. FaMos fékk úthlutað 1.500.000 kr. úr samfélagssjóði KKP. Reikningur fyrir fótaaðgerðastól á fótaaðgerðastofuna á Eirhömrum að upphæð 864.000 kr kom ekki fyrr en í byrjun janúar sl. Einnig gleymdi Stormsveitin að rukka félagið í apríl á síðasta ári, reikningurinn var greiddur á þessu ári. Efnahagsreikningur: Félagið er með fimm reikninga og er gjaldkeri búinn að fara á fund hjá Arionbanka, þar sem hann mun sjá um að sameina reikninga.

Fundarstjóri gaf orðið laust: Þorbjörn tjáði sig um að innheimta hjá Arionbanka sé dýr og að honum litist vel á reikninga félagsins. Hann hjó eftir því að það eru í bígerð ferðir erlendis og lagði til að ferðanefnd og Vorboðarnir hefðu samráð um ferðir.

Fráfarandi formaður ferðanefndar benti á að það er ólíkur tilgangur með þessum ferðum, þar sem Vorboðarnir fara í söngferð.

Guðjón Jensson tók til máls og honum fannst að það væri of mikið að hafa fimm reikninga í sama banka og leggur til að það verði bara einn reikningur. Einnig hvetur Guðjón fólk til að skoða síðuna Mosfellingur.is og um Mosfellsheiði.

Formaður FaMos tók til máls og benti á að nefndir hafa verið frjálssar í sínu starfi. Stjórnin hefur kallað saman formenn nefnda.

Formaður tók fram að einn bankareikningur sé notaður fyrir félagsgjöld, það megi endurskoða aðra reikninga.

Formaður Vorboðanna minnti á að 20. mars n.k. verður opin söngæving í Safnaðarheimilinu klukkan 17:00 – 19:00.

Formaður FaMos upplýsti að það er verið að undirbúa að FaMos fái aðgang að Hlégarði tvö kvöld í mánuði. Það er m. a. svo félagið geti staðið fyrir fræðslu og öðru sem meðlimir félagsins óska eftir. Vonandi verður þetta frá næsta hausti.

Fundarstjóri bar reikninga félagsins upp til samþykkis. Reikningar voru samþykktir samhljóma.

#### **4 Lagabreytingar**

Engar.

#### **5 Ákvörðun árgjalds fyrir næsta almanaksár**

Gjaldkeri leggur til að árgjaldið sem er 3.000 kr í dag 2023, hækki upp í 3.500 kr. fyrir árið 2024 plús bankakostnaður, fundarmenn samþykktu það. Greiðsla félagsgjalda gengur vel. Þegar félagsgjöld eru greidd, eru félagsskírteini send í pósti til félaga FaMos og búin til ný kort fyrir nýja félaga. FaMos greiðir póstburðagjöld, sem hafa hækkað mikið. FaMos greiðir 600.000 kr til LEB (Landsambands eldri borgara).

#### **6 Kosningar stjórnar og varamanna**

Kosningar í aðalstjórn: Jónas Sigurðsson var kosinn sem formaður á síðasta aðalfundi til tveggja ára. Jóhanna B. Magnúsdóttir og Þorsteinn Birgisson voru þá einnig kosin í aðalstjórn til tveggja ára.

Fundarstjóri tilkynnti að Kristbjörg Steingrimsdóttir sem hefur setið í stjórn í fjögur ár gengur úr stjórn, eins og lög félagsins segja til um. Margrét Jakobína Ólafsdóttir sem var gjaldkeri lést á árinu. Því þarf að kjósa tvo nýja stjórnarmenn í aðalstjórn.

Ólafur Guðmundsson og Guðrún K. Hafsteinsdóttir gefa kost á sér í aðalstjórn. Ekki komu aðrar tillögur og voru þau kosin samhljóma.

Kosning varamanna: Ingibjörg G. Guðmundsdóttir og Áshildur Þorsteinsdóttir gefa kost á sér sem varamenn. Ekki voru aðrar tillögur og voru þær kjörnar samhljóma.

Stjórn FaMos starfsárið 2023-2024 er því skipuð eftirfarandi aðilum:

Aðalmenn: Jónas Sigurðsson formaður, Jóhanna B. Magnúsdóttir, Þorsteinn Birgisson, Guðrún K. Hafsteinsdóttir, Ólafur Guðmundsson.

Varamenn: Ingibjörg G. Guðmundsdóttir og Áshildur Þorsteinsdóttir.

Stjórnin mun skipta með sér verkum á fyrsta fundi sínum.

## 7 Kosning skoðunarmanna ársreikninga

Ólafur Gunnarsson og Sara Elíasdóttir gáfu kost á sér til endurkjörs og var það samþykkt samhljóma.

## 8 Kosning fulltrúa á landsfund LEB

Formaður FaMos lagði til að fulltrúar félagsins á landsþing LEB verði: Jónas, Jóhanna og Guðrún, varamenn á landsþingið verði Þorsteinn, Ingibjörg og Áshildur. Tillaga formanns var samþykkt. Næsti landsfundur LEB verður haldinn 9. maí í Borgarnesi.

## 9 Önnur mál:

Orðið var laust og það Guðjón Jensson um orðið og nefnir að við eldri borgarar séum orðin mörg, okkur beri að virða sjónarmið og rétt annarra og tekur fram að við séum sterk saman.


Formaður steig í pontu og tilkynnti að það væri komið að lokum fundar, hann þakkaði Magnúsi Sigsteinssyni fyrir fundarstjórn og sleit fundi.

Að lokum spilaði Helgi R. Einarsson á gítar og söng og fór með frumsamdar limrur.


Fundarmönnum var boðið upp á kaffi og kleinur í upphafi fundar.

Fundi var slitið kl: 22.00.

Fundarritari:

  
Guðrún K. Hafsteinsdóttir

Fundarstjóri:

  
Magnús Sigsteinsson

Stjórnarformaður FaMos:

  
Jónas Sigurðsson